

T I L L A G A

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kjör til kirkjuþings
nr. 1075/2017, með síðari breytingu.
(Lagt fyrir 59. kirkjuþing 2019)

Flutt af Stefáni Magnússyni
Frsm. Stefán Magnússon

1. gr.

5. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Biskupar og starfsmenn á biskupsstofu njóta ekki kosningarréttar. Sama gildir um kennara við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands og guðfræðinga frá þeim háskóla eða hliðstæðum háskólum.

2. gr.

Á eftir orðinu „aldri“ í b-lið 1. mgr. 7. gr. starfsreglnanna kemur: , sbr. þó 5. gr.

3. gr.

Fyrri málslíður 1. mgr. 16. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Andist kirkjuþingsmaður á kjörtímabilinu, flytji lögheimili sitt úr kjördæminu, verði guðfræðingur á kjörtímabilinu eða forfallist tímabundið eða varanlega, tekur varamaður hans sæti í þeirri röð sem hann var kjörinn til.

4. gr.

Ákvæða til bráðabirgða í starfsreglunum orðast svo:

Ákvæði um kirkjuþingsmenn, sem voru kjörgengir sem leikmenn við kosningu á kirkjuþing 2018, en yrðu það ekki með breytingu á þessum starfsreglum, gilda ekki á yfirstandandi kjörtímabili.

5. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 7. mgr. 21. gr. og 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Athugasemdir við starfsreglur þessar.

Í athugasemdum við lagafrumvarp það sem varð að lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 (þjóðkirkjulög) var m.a. tekið fram að meginbreyting frumvarpsins fælist í því að fulltrúar leikmanna yrðu fleiri en fulltrúar presta á kirkjuþingi. Í frumvarpinu var enn fremur lagt til að biskup Íslands yrði ekki forseti kirkjuþings, eins og verið hafði, heldur ætti hann þar seturrétt og hefði þar einungis málfrelsi og tillögurétt.

Þessar ofangreindu hugmyndir og fleiri koma svo fram í 21. gr. þjóðkirkjulaganna en þar er m.a. tilgreint að kirkjuþingsfulltrúar skuli kosnir leynilegri kosningu til fjögurra ára í senn, þingið ákveði skipan kjördæma og fjölda þingmanna, að á þinginu skuli leikmenn vera fleiri en vígðir, sagt hverjir hafi rétt til þingsetu með málfrelsi og tillögurétt en hafi ekki atkvæðisrétt. Þá er sagt að þingið kjósi forseta úr röðum leikmanna. Í lok greinarinnar er sagt að kirkjuþing setri nánari ákvæði um kjör til kirkjuþings og þingsköp í starfsreglur.

Í starfsreglum um kjör til kirkjuþings nr. 1075/2017, með síðari breytingum, segir í 5. gr. að biskup og vígðir starfsmenn á biskupsstofu njóti ekki kosningarréttar og að sama gildi um kennara við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands.

Flutningsmaður þessarar tillögu lítur svo á að með meginbreytingunni, við gildistöku þjóðkirkjulaganna, um að biskup Íslands (og vígslubiskupar) og eftir atvikum vígðir starfsmenn á biskupsstofu ættu einungis seturétt á kirkjuþingi en ekki atkvæðisrétt, hafi átt að draga úr ákveðnu valdi á biskupsstofu gagnvart kirkjuþingi. Í ljósi þessa þykir því ekki rétt að óvígðir starfsmenn á biskupsstofu, sem eru undir boðvaldi biskups Íslands, geti átt kosningarrétt á kirkjuþingi. Gera má því skóna að höfundum frumvarpsins, sem varð að þjóðkirkjulögum, hafi ekki hugkvæmst þessi niðurstaða. Því er lagt til með fyrri málslið 1. gr. tillögunnar, um breytingu á starfsreglunum, að koma í veg fyrir slíkt framboð.

Í síðari málslið 1. gr. leggur flutningsmaður tillögunnar til að sama gildi um guðfræðinga eins og kennara við háskóladeildir, sem útskrifa nemendur með guðfræði- og trúarbragðafræðimenntun, að slíkir guðfræðinga-leikmenn eigi ekki kosningarrétt til kirkjuþings.

Færst hefur í vöxt að guðfræðingar hafi boðið sig fram til kirkjuþings og náð kjöri en sumir leikmenn á kirkjuþingi, sem ekki hafa þá menntun, eiga erfitt með að sjá skoðanamun á þeim og vígðum fulltrúum. Þá hefur verið bent á að guðfræðingur á kirkjuþingi, sem sækist eftir vígslu, sé e.t.v. ekki sá fyrsti til að andmæla tillögu frá kirkjustjórninni. Enn fremur er óheppilegt, fyrir allt starf á kjörtímabili kirkjuþings, að búast megi við að guðfræðingar þar hverfi óvænt af þinginu vegna vígslu. Dæmi eru til um slíkt.

Tillagan að breytingu á 7. gr. starfsreglnanna er nauðsynleg vegna breytingar á 5. gr. Tillagan að breytingu á 16. gr. starfsreglnanna helgast af tillögunni um breytingu á 5. gr. Þetta þýðir að sitji guðfræðinemi á kirkjuþingi mundi hann tapa kjörgengi við útskrift frá háskóla samkvæmt 5. gr.

Hvað varðar ákvæði til bráðabirgða þykir sanngjarnt að þeir sem kjörnir voru á kirkjuþing, samkvæmt núgildandi ákvæðum, sitji að óbreyttu út núverandi kjörtímabil, kjósi þeir svo.

Ekki er gert ráð fyrir að samþykki tillögu þessarar feli í sér kostnað.